

Málsnr.: 202004164
Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar

15. APR. 2020

Málalykill: 19.3

Til bæjarráðs Mosfellsbæjar.

Landey, sem eigandi Blikastaðalands, hefur áhuga á því að hefja vinnu með Mosfellsbæ um þróunar-, skipulags- og uppbyggingarvinnu vegna Blikastaðalands.

Mikil tækifæri felast í uppbyggingu mannvænnar og sjálfbærrar byggðar á Blikastaðalandi sem yrði í takti við innleiðingu á borgarlínu á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu gæði Blikastaðalands eru nálægð við fallega og ósnortna náttúru en landið liggur neðan Vesturlandsvegur á milli útivistarperlunnar Úlfarsfells og Úlfarsár. Mikil náttúrugæði eru sérstaða Mosfellsbæjar og gera bæinn eftirsóttan stað til búsetu.


Landey hefur fengið unna fyrir sig forsendugreiningu fyrir Blikastaðaland. Greininguna er unnt að nýta sem grunn að samtali milli Landeyjar og Mosfellsbæjar um skipulagsmótun og uppbyggingu svæðisins. Hluti þeirrar greiningar er byggðamynsturlíkan sem gefur möguleika á að áætla uppbyggingarkostnað út frá mismunandi húsagerðum, götugerðum, opnum svæðum og öðrum innviðum.

Markmið Landeyjar er að Mosfellsbær og Landey móti viljayfirlýsingu um samstarf um skipulagsvinnu og uppbyggingu Blikastaðalands m.a. á grunni þeirra forsendugagna sem nú liggja fyrir. Í kjölfar viljayfirlýsingar væri unnt að setja annars vegar af stað vinnu við gerð rammahluta aðalskipulags í samræmi við 4. mgr. 28. gr. skipulagslaga og gr. 4.9 í skipulagsreglugerð og hins vegar vinna að gerð samnings um kostnaðarskiptingu á milli landeiganda og Mosfellsbæjar.

Við leyfum okkur að leggja til að upphaf þessa máls verði kynning á hugmyndum okkar og fyrirbyggjandi gögnum á fundi bæjarráðs sem tæki erindi þetta til afgreiðslu í kjölfarið.

Virðingarfyllst,

F.h. Landeyjar ehf.



Þorgerður Arna Einarsdóttir

frankvæmdastjóri

Þorgerður Arna Einarsdóttir
14.04.2020